

## Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2018, þriðjudaginn 9. janúar var haldinn 146. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst fundurinn kl. 17:10. Viðstödd eru Sigurður Hólm Gunnarsson formaður, Gísli Rafn Guðmundsson, Guðbrandur Guðmundsson, Hjördís Anna Þorvaldsdóttir og Elísabet Gísladóttir. Einnig sátu fundinn, Trausti Harðarsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis og Hjördís Björg Kristinsdóttir áheyrnarfulltrúi Korpúlfa ásamt þeim sátu Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Sara Ósk Rodriguez Svönudóttir verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á skýrslu um setmyndum við Geldinganes og mótaðgerðir, dags. 5. september 2018.

- Kl. 17:15 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð fagnar góðri kynningu.

Helgi G. Gunnarsson og Sveinn Óli Pálmarsson frá Vatnaskilum ehf. og Þórólfur Jónsson, umhverfis- og skipulagssviði, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf formanns foreldrafélags Húsaskóla um gangbrautarmál í tengslum við öryggi.  
Frestað.

3. Lagðar fram útskriftir úr gerðarbók umhverfis- og skipulagssviðs, dags 27. desember 2017 varðandi Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 1, 2 og 3.

Hverfisráði Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð óskar eftir kynningu vegna deiliskipulags í Bryggjuhverfi fyrir svæði 4.

4. Lögð fram kvörtun frá íbúa vegna breytinga á leið 6 og á nýrri leið 7.  
Frestað.

5. Áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ítrekun á fyrirspurn frá fundi Hverfisráðs Grafarvogs 14. nóvember 2017. Á íbúafundi Grafarvogs með Borgarstjóra 27.september sl. tilkynnti borgarstjóri fundargestum að málingin væri að þorna á nýjum Fjölnislituðum bekkjum sem ætti að setja við íþróttamannvirki við Dalhús og kosið hafði verið um í íbúakosningunni hverfið mitt 2016. Nú er því spurt tveimur mánuðum síðar, er málingin ekki að verða þornuð og hvenær mun þessi nýi Fjölnislitaði bekkur verða settur upp í Grafarvoginum?

6. Áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ítrekun á fyrirspurn frá fundi Hverfisráðs Grafarvogs 14.nóvember 2017. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær nýja vatnsrennibrautin sem kosin var í íbúakosningunni hverfið mitt árið 2016 verði komin upp við sundlaug Grafarvogs og hvenær íbúar hverfisins geti byrjað að njóta og nýta þá skemmtilegu viðbót sem íbúarnir kusu.

7. Áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fimm battavöllum bak við Egilshöll er svart dekkjakurl þar sem börn og unglingar hverfisins æfa knattspyrnu með hverfisíþróttafélagi sínu Fjölni. Fyrir hafa flest ef ekki öll sveitarfélög landsins ákveðið að skipta út öllu gervigrasi af barna

Íþróttasvæði sem inniheldur svart dekkjakurl eins og á völlum við Egilshöll. Óskað er eftir upplýsingum frá Íþróttá og tómsundaráði hvenær áætlað er að skipt verði um gervigrasið á þessum fimm battavöllum.

8. Áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hverfisráð Grafarvogs fékk útskrift úr gerðabók umhverfis- og skiplagssviðs 03.07.2015 senda til sín til upplýsinga um skipulag Gylfaflatar 2-4,6-8,10-12 og 14 þar sem kynntar voru breytingar á lóðum og kynntar fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir. Nú tveimur/þremur árum síðar eru framkvæmdir byrjaðar við lóðir þessar og veða framkvæmdir meira og minna búnar en ekkert að því sem teiknað er snýr að gróðri, gangstéttum og leikflöt sem kynnt var og er á teikningu komið. Óskað er eftir upplýsingum frá Umhverfis og skiplagssviði hvenær verði hafið framkvæmdir við og hvenær verði lokið við, gras leikjaflöt þá sem teiknuð er í beinu framhaldi af Berjarímanum og gert er ráð fyrir fjölda grenitrjáa til bæði að skapa umgjörð um leikjaflötin sem og skipta íbúahverfinu frá iðnaðarhverfinu. Þeirra sömu upplýsinga er óskað um gangstéttir þær sem gert er ráð fyrir á kynningu og teikningu við Hallsveg er snýr að Gylfaflöt þ.e. frá hringtorgi og að umferðarljósum við Gullinbrúna. Einnig er gert ráð fyrir því á teikningu að allar iðnaðarbygginganar og lóðirnar verði einangraðar/faldar með miklum gróðri og óskað er eftir upplýsingum um hvenær verði hafið við uppsetningu á þeim gróðri og trjám og hvenær þeim verði lokið.

9. Áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir því við Umhverfis og skiplagssvið að sett verði upp gangbraut með gangbrautarljósum yfir Hallsveg á leið frá hringtorgi að umferðarljósum Gullinbrúar, milli Ríma- og Foldahverfis eins og fjöldi íbúa Grafarvogs hafa óskað eftir og ítrekað sett fram og rökstytt á umræðu og tillögu vefnum Betri Reykjavík. Öðru megin við Hallsvegin er gangstétt að götu, hinu megin er moldarstígur. Mikil umferð barna, unglínga og fullorðna yfir þessa umferðargötu er alla daga og mikil þörf á gangbraut og gangbrautarljósum þessum.

Frestað.

10. Áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillaga:

Á umræðu og tillögu vefnum Betri Reykjavík var sett inn sú hugmynd að skipuleggja skruðgarð í brekkunni ofan við Bryggjuhverfi. Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir hugmyndum að leiðum og útfærslutillögum frá Umhverfis og skipulagssvið hvað sé hægt að útfæra í þá átt eins og hugmyndin hljómar svo hverfið njóti góðs af. Skipuleggjum skruðgarð í brekkunni ofan við Bryggjuhverfið. Það er gróskumikill gróður þarna, eins og grös og lúpína. Hundruðum trjáa hefur verið plantað þarna í gegnum árin. Það myndi fegra ásynd hverfisins að skipuleggja þetta svæði. Útbúa má útivistarsvæði með bekkjum sem veita útsýni á hverfið og voginn. Leggja má aflíðandi stíga um brekkuna, sem draga úr hallanum og gera svæðið aðgengilegra. Bæta má ásyndina enn frekar með styttnu, gosbrunni og jafnvel opnum skála sem afdrep í rigningu.

Frestað.

**Fundi slitið kl. 18:06**

Sigurður Hólm Gunnarsson

Elísabet Gísladóttir  
Gísli Rafn Guðmundsson

Guðbrandur Guðmundsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir